



## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### *Efni: Reglur um innritun og útskrift nemenda af táknmálssviði Hlíðaskóla*

Samkvæmt 2. mgr. 20. gr. reglugerðar nr. 585/2010, með síðari breytingum, um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskóla skulu sveitarfélög sem reka sérskóla eða önnur sérúrræði innan grunnskóla setja reglur um innritun nemenda, svo og reglur um útskrift eða lok slíkrar aðstoðar þar sem gerð er grein fyrir aðkomu og mati fagaðila. Í reglunum skal kveðið á um málsmeðferð og skilyrði fyrir inntöku nemenda í viðkomandi sérskóla eða sérúrræði. Heimilt er að skipa ráð með fagaðilum sem geri tillögu til skólastjóra um innritun og/eða útskrift nemanda úr sérskóla eða sérúrræði.

Samkvæmt 3. mgr. 20. gr. framangreindrar reglugerðar staðfestir ráðherra reglur sveitarfélaga um innritun og útskrift nemenda úr sérskóla eða sérúrræði sem stofnað er til samkvæmt 42. gr. laga um grunnskóla. Innritunarreglur skulu birtar opinberlega.

Til samræmis við 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 skal sveitarstjórn hafa tvær umræður, með a.m.k. einnar viku millibili, um samþykktir og aðrar reglur sem samkvæmt lögum eiga að hljóta staðfestingu ráðherra,

Ekki hafa verið í gildi sérstakar reglur um innritun og útskrift nemenda af Táknmálssviði í Hlíðarskóla. Þó hefur verið stuðst við drög að reglum sem ekki hafa hlotið þá meðferð sem reglugerðin gerir ráð fyrir, m.a. ekki samþykktar af ráðuneytinu. Skóla- og frístundasvið hefur í samráði við skólastjórnendur og deildarstjóra Táknmálssviðs Hlíðarskóla unnið að gerð reglna um innritun og útskrift nemenda af Táknmálssviði í Hlíðarskóla.

Reglurnar eru gerðar í samræmi við og með hliðsjón af reglum borgarinnar um innritun og útskrift úr einhverfudeildum í grunnskólum Reykjavíkurborgar.

Lagt er til að reglurnar taki gildi þegar þær hafa hlotið staðfestingu mennta- og menningarmálaráðuneytis og hafa verið birtar opinberlega.